

Flata kaninin

Höfundar texta: Bárður Oskarsson (FO)
Höfundur mynda: Bárður Oskarsson (FO)
Bókadeild Føroya Lærarafelags, 2011

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2014

Söguþráður: Hundur finnur útflatta kanínu á götunni og veltir fyrir sér með vini sínum rottunni hvað þau eigi að gera við vin sinn. Við fylgjumst með hugsunum þeirra og gerðum þegar þau reyna að hjálpa vini sínum. Góð saga um dauðann án þess að dauðinn sé nefndur á nafn.

Efnisorð: vinátta, dýr, heimspeki, dauðinn

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið bókarkápuna, hvað sjáið þið? Skoðið myndirnar saman. Hvað dettur hundinum og rottunni í hug?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Hvað kom fyrir kanínuna?
3. Hvaða önnur dýr eru í sögunni?
4. Hvernig heldurðu að hundinum og rottunni líði þegar þau finna kanínuna?
5. Skoðið myndirnar saman. Hvað gerist í sögunni?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað myndir þú gera ef þú fyndir útflatta kanínu? Bregðast vinir kanínunnar rétt eða rangt við?
2. Skoðaðu myndirnar. Hvað heldur þú að hafi komið fyrir? Hvers vegna liggur kanínan á götunni?
3. Skoðaðu myndina þar sem hundurinn og rottan sitja á bekk. Um hvað eru þau að hugsa, hvernig líður þeim?
4. Veltu hundinum og rottunni fyrir þér, hvernig eru þau, hvað einkennir þau?
5. Veltu heiti bókarinnar fyrir þér, hvað segir það?



ISBN 978-952-7572-84-9

6. Hvaða hugsanir koma upp í hugann við lestur bókarinnar?

7. Flettið bókinni nokkur saman. Finnið þið eitthvað sem ykkur finnst fyndið?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Veltu sögunni fyrir þér frá ýmsum sjónarhornum. Hvernig heldur þú að kanínunni, rottunni og hundinum líði?
3. Skoðaðu myndirnar af fuglinum á öftustu blaðsíðu. Hvað heldur þú að höfundurinn vilji segja með henni? Hvernig finnst þér endir bókarinnar?
4. Samtalið milli litlu og stóru myndanna er áhugavert, hvernig túlkar þú það?
5. Það er margt sem er ekki sagt í bókinni – hvað finnst þér vera ósagt? Hvaða hugsanir koma upp í hugann við lestur bókarinnar?
6. Skrifðu minningarljóð um flötu kanínuna.
7. Skoðaðu aðrar myndabækur eftir sama höfund. Hvaða hugsanir vekja myndirnar hans?
8. Finndu myndabækur sem fjalla um dauðann. Hvernig er fjallað með ólíkum hætti um þetta erfiða efni í bókunum sem þú valdir? Hvernig finnst þér að eigi að bregðast við í sorgarferlinu? Ræðið saman tvö og tvö.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Træið. Höfundur: Bárður Oskarsson.
Stríðið um tað góða grasið. Höfundur: Bárður Oskarsson.
Loftar tú mær? Höfundur: Raket Helmsdal.

MÁLAMOLI

"Dauðinn"

sænska

Döden

danska

Døden

norska

Døden

íslenska

Dauðinn

færeyska

Deyðin

grænlandska

Toqu

finnska

Kuolema

norðursamíska

Jápmín



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)